

# Áætlun um öryggi og heilbrigði í Fjölsmiðjunni á Akureyri



Fjölsmiðjan mars 2024

## Inngangur

Tilgangur með gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði í Fjölsmiðjunni á Akureyri er að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir störf sín.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði felur í sér sérstakt áhættumat sem unnið er af fastráðnum starfsmönnum Fjölsmiðjunnar, áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem í samræmi við niðurstöður áhættumatsins leiða til úrbóta og eftirfylgni að úrbótum loknum.

Með áætlun um öryggi og heilbrigði í Fjölsmiðjunnar viljum við tryggja sem best vellíðan allra okkar starfsmanna. Áætlunin skal framfylgja í daglegri starfsemi þannig að vinnuverndarstarfið sé órjúfanlegur þáttur starfseminnar.

Árangur af hinu kerfisbundna áhættumat verður metinn reglulega í samráði við öryggisnefnd og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangurmatsins gefa tilefni til.

Áætlun um öryggi og heilbrigði verður gerð aðgengileg á heimsíðu Fjölsmiðjunnar.

## Lög og reglugerðir

Viðmið sem stuðst er við í áhættumati starfa hjá Fjölsmiðjunni byggja á vinnuverndarlögum (49/1980) og reglugerðum sem eiga við starfsemina í Fjölsmiðjunni.

- L-46/1980 Vinnuverndarlögin (lög um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum)
- R-920/2006 Reglugerð um skipulag og framkvæmdir vinnuverndarstarfs á vinnustöðum
- R-581/1995 Reglur um húsnæði vinnustaða
- R-921/2006 Reglur um varnir gegn álagi vegna hávaða á vinnustöðum

- R-1000/2004 Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum
- R-553/2004 Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- Byggingareglugerð

Lög og reglur er að finna á [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)

## Samantekt á niðurstöðum áhættumats

Áhættumat þetta leiddi í ljós að ýmsa þætti í vinnuumhverfinu er mikilvægt að hafa í góðu lagi.

### Innra starf

Vinnuverndarstarf fer fram í Fjölsmiðjunni og eru fastráðnir starfsmenn í öryggisnefnd (þeir eru 3-4). Áhættumat hefur verið unnið fyrir allar deildir Fjölsmiðjunnar og unnið er markvisst að úrbótum samkvæmt því mati. Öryggisnefnd fundar einu sinni að jafnaði í mánuði.

Mikilvægt er að bjóða starfsfólki upp á reglubundna fræðslu í vinnuvernd og getum við gert betur á því sviði. Starfsfólk er hvatt til þess að stunda líkamsrækt.

### Hollustuhættir

Vinnuverkstæði Fjölsmiðjunnar eru fjögur: Rafeindaverkstæði, bílapvottastöð, mötuneyti og nytjamarcaður. Mörg atriði voru skoðuð á þessum verkstæðum og koma þau hér fram.

Vinnurými er á flestum stöðum ágætt, en þó þröngt á rafeindaverkstæði. Eldhús er þröngt en vinnuaðstaða viðunnandi.

Loftgæði eru mismunandi á milli vinnurýma, en gott útsogskerfi er bæði úr bílapvottastöð og eldhúsi. Annarsstaðar eru góðir opnanlegir gluggar.

Varasöm og hættuleg efni geta verið í bílapvottastöð og er reglulega farið yfir meðferð þeirra og fyllstu varúðar gætt við notkun þeirra.

Lýsing er nokkuð góð í öllum rýmum Fjölsmiðjunnar m.t.t. dagsbirtu og raflýsingar.

Hávaði er jafnan ekki vandi, en þó getur verið hávaði í loftpressu öðru hvoru í bílapvottastöð.

Verkstöður og líkamlegt álag getur verið nokkuð í Fjölsmiðjunni. Léttitæki eru til staðar til að bera hluti milli staða s.s. hjólaborð og hjólabretti og fleira. Hugað er að kynningu fyrir starfsfólk þar sem farið er yfir rétta líkamsbeitingu og notkun léttitækja.

Vinnufatnaður er í boði í eldhúsi og stígvél í bílapvottastöð.

Til að bæta félagslegan og andlegan aðbúnað eru starfsmannakannanir og samtöl reglulega. Einnig eru verkstjórar og forstöðumaður mjög aðgengilegir. Samvinna við stéttarfélag er góð.

Aðgengi að húsnæðinu er gott og rampar fyrir hjólastóla eru í undirbúningi. Umferðarleiðir innanhús hafa verið gerðar greiðar og öruggar. Rýmingarleiðir eru fyrir hendi. Slökkvibúnaður er yfirfarinn reglulega.

Starfsmannarými eru ágæt, læstir fataskápar, snyrtingar góðar og kaffiaðstaða í góðu lagi.

Eftirfylgni með áhættumati er á starfsmannafundum einu sinni á ári og farið yfir aðstæður með öllum starfsmönnum. Tilkynna skal til forstöðumanns ef vart er við eitthvað sem betur má fara í vinnuumhverfi og varðar líðan starfsmanna.

### **Önnur atriði**

Andlegt álag tengt vinnu getur átt rætur sínar að rekja til mismunandi aðstæðna eða þátta í vinnu. Langvarandi andlegt álag veldur streitu og getur leitt til kulnunar í starfi. Andlegt álag getur lagst á alla, stjórnendur jafnt sem starfsmenn í öllum störfum. Sýnt hefur verið fram á að streita er algeng meðal starfsmanna í einhæfum störfum en þeir sem vinna fjölbreytt störf geta líka þjáðst af streitu, verði hraðinn og álagið of mikið. Streita og kulnun rýrir starfsgetu fólks. Því er mikilvægt að taka tillit til andlegra og félagslegra þátta vinnunnar í vinnuverndarstarfi fyrirtækja og stofnana til að bæta líðan starfsmanna og tryggja góð afköst. Andlegt álag tengt vinnu getur átt rætur sínar að rekja til mismunandi aðstæðna eða þátta í vinnu eða samspils vinnu og fjölskyldulífs.

Líkamlegt álag og andlegt álag getur skapast vegna mikillar vinnu. Til að draga úr líkum á álagseinkennum vegna vinnu er mikilvægt að stuðla að góðu vinnuumhverfi, hentugum búnaði og húsgögnum, góðum vinnustellingum og að hafa verkefni fjölbreytt og muna eftir góðum starfsanda, sem skiptir miklu máli. Huga þarf einnig að uppröðun húsgagna og tækja sem nota þarf við vinnuna.